



Stjórn Eflingar - stéttarfélags

FUNDARGERÐ

Dagsetning: 07.04.2022

Staðsetning: Guðrúnartún 1, 4th floor and on ZOOM

Mætingalisti haldinn um trúnaðarráðsfélaga.

Gestur: Stefán Ólafsson

Túlkun: Benjamín Júlían

Fundarstjóri: Agnieszka Ewa Ziolkowska

Fundur settur: 18:08

1. Stefán Ólafsson, „Svigrúm til kjarabóta í komandi kjarasamningi”

Stefán er með góða kynningu undir yfirskriftinni “Svigrúm til kjarabóta í komandi kjarasamningi”.
(fylgiskjal [01.01](#))

Samhljómur í ráðinu um ósanngjarna umræðu um að ekki sé svigrúm fyrir launahækkanir.

Spurt hvort eitthvað fleira en fall WOW hafi haft áhrif á kjarasamninga 2018, Stefán segir að samdráttur hafi þegar verið hafinn í ferðamannabransanum sem hafi haft áhrif.

2. Stjórnir sjóða

Agnieszka útskýrir starf stjórna sjóðanna og kynnir formenn og varaformenn sjóðanna, sem stjórn Eflingar samþykkti fyrr um daginn. Hún útskýrir að nú þurfi trúnaðarráð að kjósa í hin 5 sætin í stjórnunum, 3 aðalmenn og 2 varamenn í hverja stjórn.

Stjórn upplýsti trúnaðarráð um þá einstaklinga sem stjórn skipaði sem formenn og varaformenn sjóðanna og lagði fram sínar tillögur að aðalmönnum og varamönnum í stjórnirnar.

Aðeins ein breyting var gerð á tillögum stjórnar, í sjúkrasjóði var Ragnar Ólason fræður úr stöðu varamanns í stöðu aðalmanns og í staðinn fór Szymon Kulakowski úr sæti aðalmanns í sæti varamanns.

Því eru stjórnir sjóða Eflingar svona:

Fræðslusjóður		
Michael Bragi Whalley	Formaður	Stjórn
Sólveig Anna Jónsdóttir	Varaformaður	Stjórn
Karla Barralaga	aðalmaður	Trúnaðarráð
Innocentia Fiati	aðalmaður	Trúnaðarráð
Barbara Maria Swaka	aðalmaður	Trúnaðarráð
Ian Phillip Mcdonald	varamaður	Trúnaðarráð
Björn Páll Fálki Valsson	varamaður	Trúnaðarráð

Sjúkrasjóður		
Sólveig Anna Jónsdóttir	Formaður	Stjórn
Agnieszka Ewa Ziolkowska	Varaformaður	Stjórn
Ragnar Ólason	aðalmaður	Trúnaðarráð
Kolbrún Valvesdóttir	aðalmaður	Trúnaðarráð
Olga Leonsdóttir	aðalmaður	Trúnaðarráð
Szymon Kulakowski	varamaður	Trúnaðarráð
Alma Pálmadóttir	varamaður	Trúnaðarráð

Orlofssjóður		
Ólöf Helga Adolfsdóttir	Formaður	Stjórn
Guðbjörg María Jósepsdóttir	Varaformaður	stjórn
Stefán E. Sigurðsson	aðalmaður	Trúnaðarráð
Reynaldo Curato Renegado	aðalmaður	Trúnaðarráð
Mateusz Kowalczyk	aðalmaður	Trúnaðarráð
Anna Sigurlína	varamaður	Trúnaðarráð
Magdalena Kwiatkowska	varamaður	Trúnaðarráð

Vinnudeilusjóður		
Sæþór Benjamín Randalsson	Formaður	Stjórn
Úlfar Snæbjörn Magnússon	Varaformaður	Stjórn
Eva Ágústsdóttir	aðalmaður	Trúnaðarráð
Andrea Jóhanna Helgadóttir	aðalmaður	Trúnaðarráð
Ísak Jónsson	aðalmaður	Trúnaðarráð
Valtýr Björn Thors	varamaður	Trúnaðarráð
Ruth Adjaho	varamaður	Trúnaðarráð

3. Önnur mál

Agnieszka upplýsir trúnaðarráð um að Viðar Þorsteinsson hafi óskað eftir að fá lögfræði úttekt frá LMK senda og að stjórn hafi tekið þá ákvörðun að senda honum hana og á sama tíma gera úttektina aðgengilega öllum félagsmönnum Eflingar.

- spurt um það hve mikið lögfræðiúttektin kostaði og hve mikið var greitt fyrir athugun Deloitte á málinu. Auk þess er spurt afhverju ekki var hægt að láta staðar numið eftir að Deloitte hafði klárað sína úttekt og samkvæmt Viðari hefði ekkert athugavert fundist við þá úttekt.

Áréttað að úttekt Deloitte og lögfræðiúttektin eru tveir mjög ólíkir hlutir, munurinn útskýrður fyrir trúnaðarráðsfélögum og upplýst um að Deloitte hafi ekki sent sérstakan reikning fyrir þeirri athugun sem þeir gerðu fyrir Eflingu en að lögfræðiúttektin hafi kostað um 3 milljónir króna.

Umræður um það hvort slíkur kostnaður sé réttlætanlegur.

Stjórnarmenn lýsa því margir hvernig úttektin sé mikilvæg fyrir stjórn Eflingar, mikilvægan lærdóm megi draga af niðurstöðunum.

Miklar umræður um kostnað, ákvarðanavald stjórnar og trúnaðarráðs.

Jóna vill upplýsa trúnaðarráð um fyrirætlanir sínar á aðalfundi félagsins kvöldið eftir. Einhver mótmæli bárust og taldi einn félagi óviðeigandi að ræða lagabreytingatillögur á þessum fundi.

Jóna bað um að texti sá er hún læsi upp yrði færður til bókar:

„Góðir fundarmenn.

Vegna framkominna lagabreytingatillagna sem afgreiða á á aðalfundi á morgun vil ég reifa

mína skoðun á þeim hér á fundi trúnaðarráðs.

Sem formála ætla ég að lesa upp hluta af þeirri ályktun sem stjórn birti á heimasíðu félagsins 1.apríl sl. varðandi lögfræðilega úttekt sem gerð var vegna þjónustukaupa í tengslum við heimasíðugerð o.fl. en þar segir m.a. orðrétt

“ Stjórn ber ábyrgð á rekstri og fjárhag félagsins samkvæmt lögum. Fram kemur gagnrýni

á að stjórn hafi ekki sinnt eftirlitshlutverki sínu nægjanlega vel, með því að kalla eftir gögnum og upplýsingum, þrátt fyrir að tilefni til þess hafi nokkrum sinnum komið upp.

Stjórn Eflingar telur að draga megi mikilvægan lærdóm af málinu sem kalli á að komið verði á mun skýrara verklagi og reglum um verkaskiptingu stjórnar og

framkvæmdastjóra

og hvernig heimildir framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda á skrifstofu félagsins séu afmarkaðar.” Tilvitnun lýkur.

Ég tel mig sem stjórnarmann bera töluverða ábyrgð á þessari niðurstöðu þar sem ég samþykkti fjárhagsáætlanir til þessa málaflokks en taldi ekki þörf á að kalla eftir verkamningum eða krefjast tilboða og /eða tilboðsgagna í kjölfarið.

Með því brást ég eftirlitsskyldu minni og biðst afsökunar á því.

Eftir lestur þessarar lögfræðilegu úttektar á starfsháttum stjórnar og þeim lærdómi sem ég

hef dregið af henni hef ég ýmislegt að segja varðandi framkomnar lagabreytingatillögur sem hér eru lagðar fram af hálfu Sólveigar Önnu verðandi formanni félagsins.

Ég er sammála henni um að full þörf sé til ýmissa lagabreytinga á lögum Eflingar stéttarfélags og hef líkt og hún horft m.a.til laga VR í þeim efnum og tel að þau séu um margt til mikillar fyrirmyndar en sé jafnframt mikla vankanta á hennar tillögum þó þau hafi

vísun í lög VR. Án þess að fara nánar út í það hér þá er stjórnkerfi VR með öðrum hætti en

hér hjá okkur og því þurfum við að gæta okkar á beinum samanburði laga VR og Eflingar.

Ef við skoðum fyrst 10.gr.laga þá er þar kveðið á um verkaskiptingu stjórnar með formann,

varaformann, ritara og gjaldkera.

Ég tel að brýnt sé að halda inni í lögnum öllum embættunum.

Ritari stjórnar ber ábyrgð á að gerðarbækur séu haldnar skv. 13.gr.laga. Hann heldur utanum fundargerðir, lagabreytingar og aðalreikning og undirritar gerðarbækur félagsins

ásamt formanni. Með þessu fyrirkomulagi er tryggt að tveir aðilar fylgist með og haldi utanum öll gögn. Þetta er hluti af eftirlitsskyldunni sem við vorum áminnt fyrir að sinna ekki nægilega vel.

Í tillögum Sólveigar Önnu er formanni einum falið það hlutverk og það tel ég ófært. Það býður hættunni heim og ber vott um ólýðræðisleg vinnubrögð. Að einni og sömu manneskjunni sé falið það vald að stýra fundi, stjórna fundarritun og hafi allsherjar vald á

skjalastjórnun og gagnavarðveislu félagsins. Það gengur þvert á þá eftirlitsskyldu sem stjórn ber að hafa og sinna samkvæmt lögum félagsins í 11.gr.

Allir lýðræðislegir mælikvarðar í lýðræðislegum félögum ganga út frá eftirlitsskyldunni, að

enginn einn hafi allsherjarvald. Með þessari breytingu fær formaður slíkt vald, allsherjarvald og eftirlitsskyldan er fokin út í veður og vind. Þið munið þessari sem við vorum áminnt fyrir að sinna ekki nægilega vel.

Og þá komum við að Gjaldkera stjórnar og hans hlutverki. Ég viðurkenni fúslega að fyrir þessa lögfræðilegu úttekt sem ég vísaði til áðan gerði ég mér ekki grein fyrir mikilvægi þessa embættis. Taldi það úrelt og óþarft, leyfar frá fyrri tíð þegar félagið var lítið og óburðugt að stíga sín fyrstu skref, að nú værum við stór og öflug og hefðum fjármálastjóra

og gjaldkera á launum til að sjá um þessa hlið mála fyrir okkur.

En það var mikill misskilningur af minni hálfu.

Skv.14.gr.laga hefur Gjaldkeri eftirlit með fjárreiðum félagsins og bókhaldi eftir nánari fyrir mælum stjórnar. Ef rétt hefði verið á spilunum haldið hefði það verið í verkahring gjaldkera stjórnar að fylgja eftir fjárhagsáætlunum stjórnar, skoða tilboðsgögn og verksamninga og gefa reglulega skýrslu til stjórnar um meðferð fjármuna félagsins og framvindu verkefna. Þessi grundvallarmisskilningur á mikilvægi þessa embættis leiddi til

þess að eftirlitsskylda stjórnar brást. Hér þarf að taka fram að það er við alla stjórnina að

sakast en ekki gjaldkerann einan.

Í ljósi þess sem ég hef sagt hér og verði þessar lagabreytingatillögum bornar upp legg ég

til að fundarmenn hugsi sig vel og vandlega um og stígi varlega til jarðar.

Ég legg til að breytingatillagan á 10.gr.laga sem kveður á verkaskiptingu stjórnar verði felld

og þá í framhaldi væri eðlilegt að fella eining breytingatillögu á 13.gr. um ritara og 14.gr.

um gjaldkera.

Varðandi lagabreytingatillögu við 11.gr. tel ég brýnt að leggja fram breytingatillögu sem tekur til 11.gr.3.mgr.-viðbótar og tel að bæti þurfi ákvæðum í þá tillögu þannig að 2/3 hluti

stjórnar þurfi að samþykkja ráðningu framkvæmdatjóra og jafnframt að taka fram að launakjör formanns, varaformanns og framkvæmdastjóra skuli vera á valdi stjórnar. Í lögum VR eru ákvæði um launanevnd stjórnar sem skilar tillögum til stjórnar varðandi launakjör, en Sólveig sleppir því ákvæði. Eins og breytingatillaga Sólveigar stendur núna eru engin valdmörk á samningsumboði framkvæmdastjóra gagnvart launum hans og hefði

hann þá sjálfðæmi um sín eigin launakjör og allra annarra starfsmanna félagsins þar með

talið Formanns og Varaformanns. Það kann ekki góðri lukku að stýra. Að sama skapi að ef

ekki er kallað eftir samþykki aukins meirihluta stjórnar við val á framkvæmdastjóra.

Starfsregla stjórnar hefur verið að fundur sé löglegur ef 8 stjórnarmenn mæta, þarf ekki nema 5 atkvæði af 8 til þeirrar ráðningar af 15 manna stjórn. 5 atkvæði af 15 manna stjórn

er einungis 1/3 hluti stjórnar og ég tel fráleitt að framkvæmdastjóri sé ráðinn með þeim hætti.

Ef breyting á 10.gr.verður ekki felld heldur samþykkt þá kallar þar á breytingatillögu við 13.gr. um ritara sem kveður á um að formaður og varaformaður beri ábyrgð á gerðarbókum félagsins og að þeir saman undirriti gerðarbækur félagsins. Eins og greinin

stendur núna fær Formaður Allsherjarvald og eftirlitsskyldan fokin út í buskann. Einnig fellur út heimild til að hljóðrita fundi og mun ég þá taka það aftur inn í breytingartillögunni

þar sem ég tel mikilvægt að hafa hana inni.

Þá mun ég einnig gert breytingatillögu við tillögu Agnieszku á 12.gr og legg til að inn komi

ákvæði um að fundur sé lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Auk þess

að benda á að varaformaður er aðeins einn, en að í báðum breytingartillögum á 12.gr er

talað um varaformenn sem eru leyfar þess tíma þegar 2 varaformenn störfuðu tímabundið

vegna sameiningar félaga. Úr því að farið er í þessa grein er þá rétt að leiðrétta þetta í leiðinni.

Um mína eigin tillögu hirði ég ekki um og svo sem sama hvoru megin hryggjar hún lendir þar sem hún hefur engin áhrif á stjórnskipulag félagsins.

varðandi 31.gr.skal hafa í huga að ef brott fellur “samþykktum af aðalfundum” eins og ákvæðið er núna en fer út í tillögu Sólveigar Önnu og stjóðsstjórnir geta sjálfar breytt reglugerðum er hugsanlegt að félagsmenn missi réttindi sem þeir nú hafa og geti ekki komið neinum vörnum við réttinda missi. Ég er ekki viss um að það sé vilji félagsmanna. Tillaga Önnu Sigurlínar við 32.gr.krefst einnig breytingatillögu um að útboð samkvæmt almennum reglum fari út en í þess stað komi að félagið aflu tilboða. Útboð hefur ákveðið

lagalegt hugtak eins og Sólveig Anna benti á og er væntanlega ekki það sem Anna Sigurlína hafði í huga heldur að leita tilboða í stærri verk.

Eftir þessa yfirferð hér og nú geta allir fundarmenn gert sér í hugarlund hvernig aðalfundur

fer fram á morgun ef ekkert verður að gert, langur og leiðinlegur, ergelsi og þras og það er

ekki óskastaða mín þegar Sólveig Anna tekur loksins við formannsembættinu.

Sú leið sem ég sé færa til þess að komast hjá þessum deilum öllum er að fundarmenn samþykki ályktun á aðalfundinum á morgun þess efnis að fram fari heildarendurskoðun á

lögum félagsins, að skipuð verði lagabreytinganefnd sem skili niðurstöðum fyrir næsta aðalfund félagsins og ef hægt er, vísi frá öllum framkomnum lagabreytingum sem liggja nú fyrir fundinum. Ef ekki er hægt að vísa lagabreytingatillögum frá þá að fella allar lagabreytingatillögur og í kjölfarið að álykta um heildarendurskoðun laga Eflingar stéttarfélags.

Ég hef lagt mikið á mig til að fylgja öllum lögum félagsins svo það væri hafið yfir allan vafa

að Sólveig Anna, réttkjörinn formaður félagsins,tæki við formennsku á aðalfundi sem væri

löglega boðaður og óumdeilanlegur á allan hátt, að við gætum átt ánægjulega stund saman og glaðst fyrir hönd Sólveigar Önnu að hún væri aftur komin til forystu félagsmönnum öllum til heilla.

Ég vona að fundarmenn séu tilbúnir til að taka þetta til umræðu hér og nú. Mér finnst mjög mikilvægt að fundarmenn tali núna saman um þessi mál og skal svara öllum spurningum sem til mín verður beint og ég á svör við. Ég vil bara minna á að ég er ekki lögfræðingur frekar en þið en að afleiðingar þessara lagabreytinga geti verið mjög afdrifaríkar.

Ég hef lokið máli mínu, takk fyrir.”

Stuttar umræður um hvort umræður sem þessar ættu heima á þessum fundi